

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1502

frá 22. febrúar 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 með því að tilgreina nánar viðmiðanirnar fyrir útnefningu á þriðju aðilum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem mikilvægra fyrir aðila á fjármálamarkaði

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 ⁽¹⁾ og einkum 6. mgr. 31. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Við mat á hvort þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu er mikilvægur aðilum á fjármálamarkaði, og með hliðsjón af viðmiðunum sem sett eru fram í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 ættu evrópsku eftirlitsstofnanir (ESAs) að nota undirviðmiðanir í tveggja þrepa aðferð við matið. Að teknu tilliti til fjölda mikilvægrar upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og fjölbreytni og fjölda fjármálastofnana sem notar þá þjónustu ætti slík tveggja þrepa aðferð að fara fram til að sía heildarfjölda þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og bera kennsl á þá þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem eru mikilvægastir. Meginlegar undirviðmiðanir sem hafa skal í huga í fyrsta þrepi matsins eru nauðsynlegar til að framkvæma fyrsta val úr heildarfjölda þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem viðeigandi er að framkvæma frekari ítarlega greiningu á í ljósi eigindlegu undirviðmiðananna sem skoða skal í öðru þrepi matsins.
- 2) Að hvaða marki upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónusta sem veitt er af þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði telst almennt vera nauðsynlegur þáttur mikilvægis matsins. Því ætti að samþætta mikilvægi starfsemi aðila á fjármálamarkaði sem upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan styður við, við allar undirviðmiðanir sem teknar eru til athugunar í fyrsta þrepinu. Af þessum sökum ætti ekki að fara fram sérstakt meginlegt mat á mikilvægi starfsemi aðilanna á fjármálamarkaði sem hluti af fyrsta þrepi matsins. Í stað þess þykir rétt að evrópsku eftirlitsstofnanir taki til athugunar nauðsyn og mikilvægi starfsemi aðilanna á fjármálamarkaði sem upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan styður sem hluta af eigindlega öðru þrepi matsins.
- 3) Framkvæma ætti matið fyrir sérhvern þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu eða, eftir atvikum, fyrir sérhverja samstæðu þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu ef sá þriðji aðili tilheyrir samstæðu sbr. 3. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554. Til að gera það kleift að framkvæma ítarlegt mat á mögulegum kerfislægum áhrifum á fjármálageirann í Sambandinu ættu undirverktakar þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu einnig að falla undir mat evrópsku eftirlitsstofnananna og, eftir atvikum, útnefna þá sem mikilvæga þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.
- 4) Til að ákvarða kerfislæg áhrif þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu á stöðugleika, samfellu eða gæði veitingar fjármálaþjónustu er afar mikilvægt að skapa skýra sýn á umfang og eðli kerfislægra áhrifa sem umfangsmikil rekstrarbilun þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu myndi hafa á aðila á fjármálamarkaði sem reida sig á þjónustu þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og á fjármálakerfið. Því þykir rétt að taka tillit til fjölda aðila á fjármálamarkaði í tilteknum flokki aðila á fjármálamarkaði sem nota sömu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og virði eigna þeirra til að meta hvort það sé viðeigandi að líta á þriðja aðilann sem veitir þessa upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem mikilvægan. Þar að auki ætti að framkvæma eigindlegt mat á kerfislægum mikilvægi og samtengingu þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og mikilvægi veittrar þjónustu af hálfu þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu fyrir veitingu aðila á fjármálamarkaði á

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/2554/oj>.

fjármálaþjónustu sem tekur tillit til stöðugleika og samfelli þjónustunnar til að ákvarða kerfislæg áhrif þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu á starfsemi aðila á fjármálamarkaði.

DRÖÖG

- 5) Til að ákvarða kerfislegt eðli og mikilvægi aðila á fjármálamarkaði sem reiða sig á upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustuna er nauðsynlegt að taka tillit til eðlis þessara aðila á fjármálamarkaði. Ef aðilar á fjármálamarkaði sem eru flokkaðir sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SIIs) og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SIIs) eða sem eru tilgreindar sem „kerfislæggar“ reiða á sömu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustur til að styðja við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi þeirra þykir rétt að meta hvort þriðji aðilinn sem veitir þessar upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustur skuli teljast vera mikilvægur fyrir fjármálageira Sambandsins. Einnig ætti að meta samtenginguna milli aðila á fjármálamarkaði innan fjármálageira Sambandsins sem reiða sig á upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustur sem veittar eru af sama þriðja aðilanum sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu til að ákvarða hversu háðir aðilarnir á fjármálamarkaði eru viðkomandi þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.
- 6) Meta ætti upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustur sem styðja við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði að því er varðar tegund og mikilvæga eiginleika sem eru nauðsynlegir fyrir aðila á fjármálamarkaði til að reka starfsemi sína án raskana.
- 7) Til að ákvarða staðgönguþæfni þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu er nauðsynlegt að taka tillit til fjölda þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem eru virkir á tilteknum markaði, hvort um sé að ræða aðrar lausnir í stað viðkomandi upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og kostnaðarins við að flytja gögn og vinnuálag í upplýsinga- og fjarskiptatækni til annarra þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem hluta af matinu sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu framkvæma.
- 8) Til að tryggja traustleika matsferlisins er mikilvægt að Evrópsku eftirlitsstofnanirnar reiði sig á gögn úr skráum með upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2022/2554 og aðrar upplýsingar sem auðvelt er að nálgast við mat á því hvort útnefna ætti þriðju aðilana sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem mikilvæga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Matsaðferð

1. Við athugun á viðmiðuninum sem settar eru fram í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 til að útnefna þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem er mikilvægur fyrir aðila á fjármálamarkaði skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar beita eftirfarandi aðferð:

- a) sem fyrsta þrep skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar meta hvort þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir allar undirviðmiðanirnar í „þrepi 1“ sem settar eru fram í 2. gr. (1. mgr.), 3. gr. (1. mgr.) og 5. gr. (1. mgr.),
- b) sem annað skref skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, að því er varðar þá þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem uppfylla allar undirviðmiðanirnar í „þrepi 1“ sem um getur í a-lið, framkvæma mat sitt með hliðsjón af undirviðmiðunum í „þrepi 2“ sem um getur í 2. gr. (5. mgr.), 3. gr. (4. mgr.), 4. gr. (1. mgr.) og 5. gr. (5. mgr.).

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal fyrsta þrepið, að því er varðar matið á viðmiðun skv. c-lið í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, falla undir matið sem skal framkvæma fyrir viðmiðun skv. a-, b- og d-lið í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554.

2. Þegar fresturinn fyrir framlagningu rökstuddrar yfirlýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 er liðinn skulu Evrópsku eftirlitsstofnanirnar, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og að beiðni eftirlitsvettvangsins, útnefna þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem mikilvægan fyrir aðila á fjármálamarkaði ef hann uppfyllir allar undirviðmiðanirnar í „þrepi 1“ sem um getur í a-lið 1. mgr. og ef niðurstaða matsins sem framkvæmt er í tengslum við undirviðmiðanirnar í „þrepi 2“ sem um getur í b-lið 1. mgr. er jákvæð.

2. gr.

Kerfislæg áhrif þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu á stöðugleika, samfellu eða gæði veitingar á fjármálaþjónustu

1. Við athugun á viðmiðuninni sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar meta hvort þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir eftirfarandi undirviðmiðanir í „þrepi 1“:

- a) undirviðmiðun 1.1: hluti af fjölda aðila á fjármálamarkaði, sundurliðað eftir flokkum aðila á fjármálamarkaði eins og þeir eru tilgreindir í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, sem viðkomandi þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu ef þjónustan styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi,

DRÖÖG

- b) undirviðmiðun 1.2: hluti af heildarvirði eigna aðila á fjármálamarkaði, sundurliðað eftir flokkum aðila á fjármálamarkaði eins og þeir eru tilgreindir í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, sem viðkomandi þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu ef þjónustan styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði.

2. Undirviðmiðun 1.1 sem sett er fram í a-lið 1. mgr. skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

fjöldi aðila á fjármálamarkaði í flokki aðila á fjármálamarkaði
skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,
sem viðkomandi þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir upplýsinga- og fjarskipta-
tækniþjónustu
ef upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármála-
markaði

fjöldi aðila á fjármálamarkaði í flokki aðila á fjármálamarkaði
skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554

3. Undirviðmiðun 1.2 sem sett er fram í b-lið 1. mgr. skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

heildarvirði eigna aðila á fjármálamarkaði í flokki aðila á fjármálamarkaði
sem taldir eru upp í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,
sem viðkomandi þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir upplýsinga- og fjarskipta-
tækniþjónustu
ef upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármála-
markaði

heildarvirði eigna allra aðila á fjármálamarkaði í Sambandinu í sama flokki
skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554

4. Þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu telst hafa uppfyllt undirviðmiðunina í „þrepi 1“ sem um getur í 1. mgr. ef báðir hlutarnir eins og þeir eru reiknaðir út í samræmi við 2. og 3. mgr. eru a.m.k. 10% af heildarfjölda a.m.k. eins flokks aðila á fjármálamarkaði eins og þeir eru settir fram í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554.

5. Við athugun á viðmiðuninni sem sett er fram í a-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og ef þriðji aðilinn sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir undirviðmiðunina í „þrepi 1“ sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar framkvæma matið sitt í ljósi eftirfarandi undirviðmiðana í „þrepi 2“:

- a) undirviðmiðun 1.3: hversu mikil áhrif aflagning upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu þriðja aðila hefði á starfsemi og rekstur aðila á fjármálamarkaði sem tilgreindir eru í undirviðmiðuninum í „þrepi 1“ sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og fjöldi þeirra aðila á fjármálamarkaði sem það hefur áhrif á,
- b) undirviðmiðun 1.4: hversu háðir mikilvægir þriðju aðilar sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu eru sömu undirverktökum sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði.

3. gr.

Kerfislægir eiginleikar og mikilvægi upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem veitt er aðilum á fjármálamarkaði

1. Við athugun á viðmiðuninni sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar meta hvort þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir eftirfarandi undirviðmiðanir í „þrepi 1“:

- a) undirviðmiðun 2.1: fjöldi kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og annarra kerfislega mikilvægra stofnana sem eru lánastofnanir sem sami þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir upplýsinga- og fjarskipta-
tækniþjónustu þar sem upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónusta styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi,
- b) undirviðmiðun 2.2: fjöldi aðila á fjármálamarkaði, aðrir en lánastofnanir og kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem um getur í a-lið hér að framan, sem lögbær yfirvöld sem um getur í 46. gr.

reglugerðar (ESB) 2022/2554 hafa tilgreint sem kerfislæga, sem sami þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskipta-tækniþjónustu veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu þar sem sú þjónusta styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi.

DRÖÖG

2. Þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu telst hafa uppfyllt undirviðmiðanirnar sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. ef upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan sem hann veitir er notuð af a.m.k. einu af eftirfarandi:

- a) einni kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu (G-SII),
- b) a.m.k. þremur öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum (O-SIIs),
- c) a.m.k. einni annarri kerfislega mikilvægri stofnun með heildarstigafjölda yfir 3000 sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽²⁾.

3. Þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu telst hafa uppfyllt undirviðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. ef upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan sem hann veitir er notuð af a.m.k. einu af eftirfarandi:

- a) einum aðila á fjármálamarkaði sem er aðili á fjármálamarkaði eins og um getur í g-, h-, i- eða j-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og sem lögbær yfirvöld tilgreina sem „kerfislægur“,
- b) a.m.k. þremur aðilum á fjármálamarkaði, öðrum en lánastofnunum og þeim aðilum á fjármálamarkaði sem um getur í g-, h-, i- eða j-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og sem lögbær yfirvöld tilgreina sem „kerfislægir“.

4. Við athugun á viðmiðuninni sem sett er fram í b-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og ef þriðji aðilinn sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir undirviðmiðunina í „þrepi 1“ sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar framkvæma matið sitt í ljósi eftirfarandi undirviðmiðunar í „þrepi 2“:

- undirviðmiðun 2.3: Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir og aðrir aðilar á fjármálamarkaði sem falla undir matið í undirviðmiðununum í „þrepi 1“ sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. ef þessar kerfislega mikilvægu stofnanir á alþjóðavísu eða aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir veita öðrum aðilum á fjármálamarkaði þjónustu á sviði fjármálainnviða, sem reiða sig á upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sama þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu, eru innbyrðis háðir.

4. gr.

Nauðsyn eða mikilvægi starfseminnar

Við athugun á viðmiðuninni sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar framkvæma matið í ljósi eftirfarandi undirviðmiðunar í „þrepi 2“:

- undirviðmiðun 3.1: upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustan, sem á endanum er veitt af sama þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem stýður nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði, er mikilvæg fyrir starfsemi aðilanna á fjármálamarkaði.

5. gr.

Staðgönguhæfni

1. Við athugun á viðmiðuninni sem sett er fram í d-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar meta hvort þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir eftirfarandi undirviðmiðanir í „þrepi 1“:

- a) undirviðmiðun 4.1: hluti af heildarfjölda aðila á fjármálamarkaði, sundurliðaður eftir flokkum aðila á fjármálamarkaði eins og það er sett fram 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, sem enginn annar þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem hefur þá getu sem krafist er til að veita aðilum á fjármálamarkaði sömu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og þá sem viðkomandi þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir er tiltækur fyrir,
- b) undirviðmiðun 4.2: hluti af heildarfjölda aðila á fjármálamarkaði, sundurliðaður eftir flokkum aðila á fjármálamarkaði eins og það er sett fram 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554, þar sem mjög erfitt er að flytja upplýsinga- og

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjóð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2013/36/oj>).

fjarskiptatækniþjónustu sem veitt er af þriðja aðila sem styður nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði til annars þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

DRÖÖG

2. Undirviðmiðun 4.1 sem sett er fram í a-lið 1. mgr. skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

fjöldi aðila á fjármálamarkaði í flokki aðila á fjármálamarkaði skv.

1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,

sem enginn annar þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu er tiltækur fyrir sem hefur nauðsynlega getu til að veita sömu upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi aðila á fjármálamarkaði og sú sem viðkomandi þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu veitir

heildarfjöldi aðila á fjármálamarkaði í þeim flokki aðila á fjármálamarkaði
skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554

3. Undirviðmiðunin sem sett er fram í b-lið 1. mgr. skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

fjöldi aðila á fjármálamarkaði í flokki aðila á fjármálamarkaði skv.

1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,

þar sem mjög erfitt er að flytja eða enduraðlaga upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem veitt er af þriðja aðila sem styður við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi til annars þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu

heildarfjöldi aðila á fjármálamarkaði Sambandsins í þeim flokki aðila á fjármálamarkaði
skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554

4. Þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu telst hafa uppfyllt bæði undirviðmiðun 4.1 og 4.2 ef annað hvort eftirfarandi er uppfyllt:

- a) hluti af heildarfjölda aðila á fjármálamarkaði sem um getur í a-lið 1. mgr. sé a.m.k. 10% af heildarfjölda aðila á fjármálamarkaði í flokki aðila á fjármálamarkaði eins og það er sett fram í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554,
- b) hluti af heildarfjölda aðila á fjármálamarkaði sem um getur í b-lið 1. mgr. sé a.m.k. 10% af heildarfjölda aðila á fjármálamarkaði eða flokki aðila á fjármálamarkaði eins og það er sett fram í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554.

5. Við athugun á viðmiðun sem sett er fram í d-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og ef þriðji aðilinn sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu uppfyllir undirviðmiðunina í „þrepi 1“ sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar framkvæma mat sitt í ljósi undirviðmiðunarinnar í „þrepi 2“ sem tilgreind er í i. lið d-liðar 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554.

6. gr.

Upplýsingar til að framkvæma mikilvægismat

1. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu nota gögnin úr upplýsingaskránum sem um getur í 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2022/2554 við mat á undirviðmiðununum sem taldar eru upp í 2.–5. gr. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar geta einnig notað tiltæk viðbótargögn sem þær hafa yfir að ráða frá hvers konar öðrum upplýsingaveitum til að framkvæma mikilvægismatið.
2. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu taka tillit til nýjustu tiltæku gagna á matsárinu eða, eftir atvikum, gagna sem hafa verið gerð aðgengileg þeim eigi síðar en 31. desember næstliðins árs fyrir mikilvægismatið.

7. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Aðaleftirlitsaðilinn skal þó beita undirviðmiðun 1.4 sem um getur í b-lið 5. mgr. 2. gr. frá og með 16. janúar 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.